

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. október 2023 í máli nr. 41/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 6. maí 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 182.877 krónur vegna galla á þjónustu varnaraðila.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 20. júní 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi þann 7. júlí 2022, sem móttakið var f.h. varnaraðila þann 8. júlí 2022. Nefndinni bárust hvorki andsvör né aðrar upplýsingar frá varnaraðila. Með úrskurði uppkveðnum 1. desember 2022 féllst kærunefndin á kröfu sóknaraðila um að varnaraðila bæri að greiða sóknaraðila skaðabætur vegna gallaðrar viðgerðar á bifreið sóknaraðila. Var úrskurður sendur varnaraðila með tölvupósti sama dag sem og pósti viku síðar. Varnaraðili nýtti ekki heimild sína að tilkynna nefndinni að hann hygðist ekki una úrskurði hennar í samræmi við ákvæði 3. mgr. 18. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Þann 4. september 2023 barst kærunefndinni bréf varnaraðila þar sem hann upplýsti nefndina að hann hafi ekki verið réttur aðili að málinu og var þess krafist þess að úrskurður, dags. 1. desember 2022 yrði ógiltur frá upphafi, sbr. 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Til vara var gerð sú krafa um að málið yrði endurupptekið skv. 24. gr. sömu laga. Með ákvörðun kærunefndarinnar dags. 30. október 2023 var úrskurður í málinu dags. 1. desember 2022 afturkallaður með vísan til 2. tölul. 1. mgr. 25. gr. stjórnarsýslulaga.

### II

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem fellur ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem

koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa hefur samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laganna úrskurðarvald í málum vegna ágreinings milli neytanda og seljanda sem rís af sölu- eða þjónustusamningi samkvæmt lögunum. Með þjónustusamningi er átt við samning sem er af öðrum toga en sölusamningur þar sem seljandi veitir neytanda þjónustu eða skuldbindur sig til þess og neytandinn greiðir eða skuldbindur sig til að greiða verð hennar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu við skipti á tímareim í bifreið sinni í nóvember 2020. Seljandi þjónustunnar var fyrirtækið [...] og greiddi sóknaraðili því fyrirtæki fyrir hina umþrættu viðgerð. Í málinu liggur fyrir að það félag var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness [...] 2021. Gjaldþrotaskiptum var lokið [...] 2022 og félagið afskráð [...] 2022. Félagið [...], sem sóknaraðili tiltekur sem seljanda þjónustunnar í kvörtun sinni, var hins vegar stofnað [...] 2021.

Við kaup sóknaraðila á viðgerðarþjónustu af fyrirtækinu [...] þann 18. nóvember 2020 var um þjónustusamning milli neytanda og seljanda að ræða í skilningi laga nr. 81/2019. Var varnaraðili því ekki seljandi þeirrar þjónustu sem sóknaraðili kvartar undan og þar af leiðandi ekki réttur lögaðili að máli þessu. Með hliðsjón af framangreindu er kröfu sóknaraðila hafnað.

### III Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

---

Víðir Smári Petersen  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson